

Frá starfsemi
Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2004

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2005

Frá starfsemi Suðurlandsdeildar
Veiðimálastofnunar
árið 2004

Magnús Jóhannsson

Selfossi, apríl 2005 VMST-S/05003

Veiðimálastofnun - Suðurlandsdeild

Austurvegur 1, 800 Selfoss, Sími: 480-1840

Netfang: sudurlandsdeild@veidimal.is

Inngangur.

Helsta hlutverk Veiðimálastofnunar er að stunda rannsóknir á lífríki í ám og vötnum, rannsaka fiskstofna ferskvatns (lax, urriði, bleikja, áll og hornsíli) og veita ráðgjöf um veiðinýtingu og fiskrækt. Stofnunin er ráðgefandi varðandi framkvæmdir sem kunna að hafa áhrif á lífríki og umhverfi áa og vatna. Mikill hluti starfsemi Suðurlandsdeildar byggir á þjónusturannsóknum sem unnar eru fyrir veiðifélög og aðra aðila. Deildin vinnur einnig að sértækari rannsóknarverkefnum. Ennfremur sér Suðurlandsdeild um söfnun veiðiskýrslna yfir lax og silungsveiði í ám og vötn á Suðurlandi sem og vinnslu á hluta þeirra. Tveir starfsmenn störfuðu á deildinni árið 2004. Sértekjur deildarinnar voru 14,7 millj. en voru 15,6 millj. árið áður. Útgjöldin voru 15,5 millj. en voru 15,4 millj. árið 2003. Hér verður greint frá helstu verkefnum deildarinnar á árinu 2004.

Veiðivötn.

Framhaldið var rannsóknum á Veiðivötnum á Landmannaafreitti (mynd 1). Þar er stunduð stangveiði og netaveiði á urriða og bleikju. Hlutur stangveiðinnar hefur vaxið á síðustu árum og er nú um 80 % urriðaaflans tekinn á stöng. Samkvæmt skýrslum veiddust 17.028 silungar í Veiðivötnum á sl. ári en 15.622 silungar veiddust þar árið 2003. Á stöng veiddust 10.924 urriðar, sem er meiri veiði en árið á undan en þá veiddust 9.334 á stöng. Í net veiddust 2.749 urriðar sem er álíka veiði og árið 2003 þegar 2.942 veiddust. Bleikjuveiðin varð 3.353 sem er nánast sama veiði og á fyrra ári en þá veiddust 3.346 bleikjur. Um 70% bleikjuafllans var tekinn á stöng.

Rannsóknir í Veiðivötnum voru með hefðbundnum hætti. Ástand fiskstofna var metið í þeim tilgangi að gefa ráð um nýtingu og fiskrækt. Náttúrulegri nýliðun hjá urriða er ábótavant í mörgum vatnanna í Veiðivatnaklasanum, einkum þeim stærri. Slepping urriðaseiða í stærri vötnin hefur skilað góðum árangri og aukið afrakstur þeirra verulega.




Mynd 1. Umhverfið í Veiðivötnum er fagurt.

Rannsóknir og ráðgjöf í Veiðivötnum eru unnar fyrir Veiðifélag Landmannaafreittar.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítár.

Vatnasvæði Ölfusár-Hvítá er stórt og jarðfræðilega fjölbreytt og er myndað af ólíkum vatnsföllum. Megin vatnsföllin Ölfusá og Hvítá eru jökullituð en þverárnar eru bergvatnsár. Laxfiskar lifa þar því við fjölbreytt skilyrði. Deildin kannaði seiðaástand á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár en það hefur verið gert árlega frá árinu 1985. Á undanförunum árum hefur komið fram samdráttur í seiðabúskap laxaseiða á svæðinu og eru ástæður þess óþekktar. Ljóst er þó að endurtekin hlaup í Ölfusá-Hvítá hafa neikvæð áhrif á uppeldi seiða í jökulvatninu. Undanfarin sumur hefur aftur orðið nokkur aukning í þéttleika eins og tveggja ára laxaseiða í neðri hluta Hvítár. Sumarið 2003 var þó nokkur aukning í laxveiði á vatnasvæðinu, sem má skýra með góðum heimtum úr hafi og þökkalegum



Mynd 2. Laxveiði á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár samkvæmt veiðiskýrslum

seiðaárgöngum sem gengu til sjávar vorið 2002 (mynd 2). Veiðitölur frá árinu 2004 liggja ekki endanlega fyrir en ljóst er að hún var minni en árið áður.

Í Sogi var haldið áfram rannsóknum á fiski og botndýrum með sérstakri áherslu á bitmý. Að þessu sinni var umfang hrygningar hjá laxi ofantil í Sogi metið vegna þess að þar hefur seiðabúskapur laxa verið mjög slakur á undanförunum árum. Nokkur hrygning fannst á svæðinu en of snemmt er að segja hvort orsök lítills seiðaþéttleika liggja í takmarkaðri hrygningu til þess þarf athuganir fleiri ára. Rannsóknirnar í Sogi eru unnar fyrir Landsvirkjun en aðrar rannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár eru unnar fyrir Veiðifélag Árnesinga. Rannsóknirnar voru unnar í samvinnu við rannsóknardeild Veiðimálastofnunar í Reykjavík.

Á árinu var unnið að sérverkefni fyrir Veiðifélag Árnesinga en niðurstöður þess voru settar fram í sérstakri skýrslu. Tekin voru saman gögn um veiði og saga veiða og fiskræktar á vatnasvæðinu rakin ásamt helstu niðurstöðum úr fiskrannsóknum Veiðimálastofnunar. Sérstaklega var metið hvort hagfellt væri að breyta um veiðifyrirkomulag á vatnasvæðinu. Niðurstöður benda til að þess að það gefi meiri arð í heild að stunda eingöngu stangveiði á svæðinu en vera með blandaða nýtingu neta og stanga eins og nú er gert. Ýmsir möguleikar eru á viðbótar fiskrækt á svæðinu sem frekar eru raktir í skýrslunni. Skýrslan var unnin í samvinnu við Veiðimálastofnun í Reykjavík.

Þingvallavatn.

Haldið var áfram rannsóknum í Þingvallavatni og ánum sem í það renna. Frá árinu 1999 hefur deildin unnið að verkefni fyrir Landsvirkjun sem miðar að því að styrkja urriðastofna Þingvallavatns. Markmið aðgerða er að skapast geti hrygningar- og uppeldisstöðvar fyrir sjálfbæran urriðastofn við útfall vatnsins. Mól, hefur verið komið fyrir við útfallið sem talin er henta til hrygningar fyrir urriða, hrogn grafin (mynd 3) og urriðaseiðum sleppt en í útfallinu voru aðalhrygningarstöðvar urriðans í Þingvallavatni sem eyðilögðust við byggingu Steingrímsstöðvar á 6. áratug síðustu aldar. Urriðinn í Þingvallavatni er stórvaxinn sem trúlega má skýra með fiskáti, en vatnið er ríkt af heppilegri fæðu, murtu. Áður var mikið bitmý við Efra-Sog en stíflugerðin varð til þess að tilvist þess í útfallinu þvarr. Bitmýið hefur líklega verið þýðingarmikil fæða fyrir urriðaseiðin og smáurriða. Um nokkurt skeið hefur Landsvirkjun haldið nokkurra rúmmetra rennsli um Efra-Sog. Veiðimálastofnun hefur stundað rannsóknir á árangri aðgerða Landsvirkjunar ásamt tengdum rannsóknum á fiskstofnum vatnsins. Megináherslan er lögð á vöktun fiskstofna með tilliti til sleppinga og auka þekkingu á lífsháttum urriðans í vatninu sem var mjög lítil fyrir. Rannsóknir Veiðimálastofnunar hafa sýnt að í Efra-Sogi hefur komið upp bitmý á ný sem hefur komið lífríki Úlfjótsvatns til góða. Rannsóknirnar sýna og að í Öxará er aðalhrygningarstaður urriða í Þingvallavatni. Lítið seiðauppeldi virðist vera í Grafningsánum, Ölfusvatnsá og Villingavatnsá þó varð vart við meira uppeldi í Ölfusvatnsá en áður og er það að öllum líkindum vegna þess að þar voru grafin hrogn árið 2003. Tilraunaveiðar í Þingvallavatni gáfu urriða úr sleppiárgöngum 2001 til 2003, flestir voru úr sleppingum 2002. Merktir urriðar frá sleppingum árið 2000 í Þingvallavatn komu fram í veiði vorið 2004. Ljóst er að seiðasleppingar urriða í Þingvallavatn hafa skilað árangri. Talsvert af urriða er nú í uppeldi í vatninu og mun urriði úr sleppingum koma í vaxandi mæli inn í veiðina á næstu misserum.



Mynd 3. Unnið við hrognagröft í útfalli Þingvallavatns.

Rannsóknir í Þingvallavatni eru unnar í samvinnu við rannsóknardeild Veiðimálastofnunar í Reykjavík. Þær eru unnar fyrir Landsvirkjun í samstarfi við Veiðifélag Þingvallavatns.

Þjórsá.

Á vatnasvæði Þjórsár var haldið áfram með rannsóknarverkefni sem hófst árið 2003. Verkefnið miðast við að auka þekkingu á göngu laxfiska í og úr sjó í tengslum við fyrirhugaðar virkjanir í neðri Þjórsá. Rannsóknir þessar eru liður í þriggja ára rannsóknarverkefni sem unnið er fyrir Landsvirkjun vegna fyrirhugaðra virkjana í Þjórsá og væntanlegra mótvægisáðgerða við þær. Frá árinu 1993 hafa árlega verið gerðar fiskrannsóknir sem einkum hafa miðað að því að fylgjast með seiðabúskap á vatnasvæði Þjórsár með sérstakri áherslu á landnám laxa ofan við Búða en þar var gerður fiskvegur árið 1991. Rannsóknir á árinu 2004 fólust m.a. í því að kanna sjógöngu laxa- og urriðaseiða úr Kálfá. Þar var lögð áhersla á að meta göngutíma, fjölda gönguseiða og tengsl við umhverfisþætti, s.s. vatnshita og vatnsrennsli. Göngur og gönguhraði seiða á leið til sjávar var metinn með því að seiði voru merkt með útvarpsmerkjum og fylgst með göngu þeirra með sjálfvirkum hlustunarstöðvum. Seiðabúskapur var kannaður með rafveiðum og fiskgöngur upp Búða metnar með fiskteljara. Lagt var mat á árangur seiðasleppinga út frá endurheimtum merktra fiska og fullorðinn göngulax og sjóbirtingur var aldursgreindur og merktur.

Áætlað var að 1.554 laxagönguseiði hafi gengið úr Kálfá vorið 2004 (mynd 4). Vorið 2003 gaf sambærilegt mat að 5.369 seiði hefðu gengið úr Kálfá. Göngurnar voru mestar í tveimur toppum með hámarki 14. maí og 4. júní. Ganga seiða virðist einkum örvast við hækkandi vatnshita. Samkvæmt bráðabirgðamati endurheimtust 5,9 % (í veiði) af laxaseiðum úr Kálfá sem merkt voru vorið 2003. og heildarheimtur voru metnar 9,2 %. Samkvæmt því er áætlað að 44 þús. laxaseiði hafi gengið til sjávar af vatnasvæði Þjórsár vorið 2003. Niðurstöður útvarpsmerkinga á náttúrulegum laxaseiðum gefa til kynna að stór hluti þeirra syndi rakleitt




Mynd 4. Gönguseiðagildra í Kálfá vorið 2004. Gildran er svokölluð snúningsgildra og hefur ekki verið reynd hér á landi áður. Hún hefur þann kost umfram hefðbundnar gildirur að safna mun minna í sig af þörungum og mosa sem berst með árvatninu sem gerir það að verkum að rekstur er öruggari í vatnavöxtum og umhirða verður mun minni.

niður úr Kálfá og niður að Urriðafossi, eða á innan við tveimur sólarhringum. Útvarpsmerkingar á urriða veiddum í Þjórsá og Kálfá leiddu í ljós að þeir gengu niður Þjórsá við Urriðafoss á tímabilinu 25. apríl til 2. júní. Útvarpsmerktir laxar voru fyrr á ferðinni. Náttúrulegt laxaklak fannst í Þjórsá ofan við Búða og hefur þéttleiki seiða þar farið vaxandi á síðustu árum. Sjálfvirkur fiskteljari við Búðafoss taldi 228 laxa á ferð upp laxastigann, sem er mun meira en áður hefur gengið. Að auki komu fram 130 silungar. Veiðar á fiski í stiganum staðfesta að silungurinn er aðallega sjóbirtingur.

Pótt endanlegar veiðitölur frá sl. sumri liggi ekki fyrir virðist laxgengdin hafa verið góð. Samkvæmt seiðarannsóknum voru náttúrulegir klakárgangar laxaseiða 1999, 2000 og sérstaklega 2001 tiltölulega sterkir í Þjórsá og Kálfá sem trúlega skýrir að stærstum hluta mikla veiði en einnig hafa sleppiseiði verið að skila sér ásamt uppeldi af landnámssvæðunum ofan Búða. Út frá seiðabúskap má áfram vænta góðrar laxgengdar í Þjórsá á næstu árum að því gefnu að endurheimtur úr hafi verða góðar.

Fyrirhugað er að halda áfram rannsóknum á göngu laxa á vatnasvæði Þjórsár, útvarpsmerki ættu að nýtast vel við þá vinnu. Rannsóknir í Þjórsá eru unnar fyrir Landsvirkjun. Verkefni þetta var unnið í samvinnu við rannsóknardeild Veiðimálastofnunar í Reykjavík.



Mynd 5. Dagleg laxgengd um teljara í Ægissíðufossi sumrið 2004. Samtals gengu 4.408 laxar upp.

Rangárnar.

Mikið af laxi gekk í Rangárnar sumarið 2004 sem endurspegladist í mjög góðri veiði. Samkvæmt bráðabirgðatölum veiddust þar um 6.000 laxar sem er talsvert meiri afli en árið áður, en þá voru 3.443 laxar dregnir á land. Í Eystri-Rangá veiddust um 3.100 laxar og var hún aflahæsta áin á landinu. Um 2.900 laxar veiddust í Ytri-Rangá. Lax í Rangánum er nær eingöngu úr sleppingum gönguseiða. Suðurlandsdeild sá um uppsetningu Vaka-fiskteljara, í fiskstigum við Árbæjarfoss og Ægissíðufoss í Ytri-Rangá ásamt eftirliti með þeim og úrvinnslu gagna. Samkvæmt teljara við Ægissíðufoss gengu þar upp 4.408 laxar og mun þetta vera mesta laxgengd um teljara sem mælst hefur hérlendis (mynd 5). Um 94% laxanna voru smálaxar. Um teljarann í Árbæjarfossi gengu 1.141 lax.

Á sl. sumri vann deildin að sérstöku verkefni sem tók til könnunar á göngum laxa á svæðinu ofan við Árbæjarfoss. Meginmarkmið þessarar rannsóknar var að kanna göngur laxa með útvarpsmerkingum og finna legustaði þeirra ofan við fossinn, með það að markmiði að finna veiðistaði á svæðinu. Hingað til hefur meginhluti stangveiðanna farið fram neðan við Árbæjarfoss, en ofan hans eru engu að síður $\frac{3}{4}$ hlutar fiskgengra svæða í ánni. Talsverðar sleppingar laxagönguseiða hafa verið á svæðið ofan við fossinn og gögn úr fiskteljara í Árbæjarfossi benda til þess að lax skili sér í allnokkrum mæli úr þessum sleppingum en laxveiði er hins vegar lítil ofan fossins. Niðurstöður merkinganna gefa til kynna að laxinn nýti einungis hluta svæðanna ofan við Árbæjarfoss og að oft liggi laxinn á sömu stöðum. Allnokkur hreyfing var á löxunum. Nokkrir athyglisverðir legustaðir voru greindir í rannsókninni, en algengt var að laxarnir lægju neðan við sleppitjarnir þær sem notaðar voru árið áður til sleppingar gönguseiða.

Sjóbirtingsrannsóknir á vatnasvæðum Grenlækjar og Skaftár.

Í Grenlæk er fiskteljari sem telur og stærðarmælir fisk á göngu á hrygningarstöðvar. Tölur úr teljara benda til að sjóbirtingsgengd á hrygningarstöðvar í Grenlæk hafi verið heldur meiri en árið 2003. Rekstur teljara gekk ekki sem best, mikið rennsli í læknum raskaði talningu.



Mynd 6. Vatnamót Skaftár og Holtsár. Á vatnasvæði Skaftár er talsverð sjóbirtingsgengd.

Seiðabúskapur var kannaður á vatnasvæði Skaftár og í Grenlæk. Fylgst hefur verið með seiðabúskap á vatnasvæði Skaftár samfelld frá árinu 1986 og í Grenlæk samfelld frá árinu 1995. Urriðaseiði (sjóbirtingsseiði) eru ríkjandi í ám í Skaftárhreppi. Þéttleiki urriðaseiða hefur verið breytilegur milli ára. Aukning varð í þéttleika bæði á vatnasvæði Skaftár (mynd 6) og Grenlækjar og voru seiðin vel fram gengin. Hlýtt og hagstætt tíðarfar á síðasta ári virðist meginskyringin. Langtímarannsóknir sem þessar gefa kost á að meta stofnsveiflur og hvaða þættir hafa áhrif á þær. Sjóbirtingsrannsóknirnar hafa fengið stuðning ýmissa aðila, ekki síst heimamanna og stangveiðimanna.

Rannsóknir á vatnasvæði Vatnsár og Kerlingardalsár.

Á árinu framkvæmdi Veiðimálastofnun rannsóknir á vatnasvæði Vatnsár og Kerlingardalsár í Mýrdal. Tilgangur rannsóknanna er að meta núverandi seiðaástand laxfiska í ánum og helstu lækjum sem í þær renna ásamt lækjum sem renna í Heiðarvatn (mynd 7). Einnig að kanna ástand fiskstofna Heiðarvatns en Vatnsá á upptök sín í því. Vatnsá var til skamms tíma sjóbirtingsá. Sleppingar laxaseiða á 7. til 10. áratugs síðustu aldar virðast hafa valdið því að lax náði þar fótfestu. Í þessari rannsókn voru urriðaseiði ríkjandi á öllum athugunarstöðvum í ánum, mestur var þéttleiki þeirra í Vatnsá. Seiði á fyrsta ári voru yfirgnæfandi. Seiðaþéttleiki var mun lægri í Kerlingardalsá. Laxaseiði fundust í Vatnsá og Kerlingardalsá og þverám þeirra en ekki í Heiðarvatni eða í lækjum sem í það renna. Í Vatnsá var þéttleiki laxaseiða mestur ofantil í ánni, en var alls staðar mun minni en þéttleiki urriðaseiða. Uppeldi laxaseiða fannst einnig í Kerlingardalsá.



Mynd 7. Unnið að rannsóknum á Heiðarvatni í Mýrdal.

Í ám og lækjum sem falla til Heiðarvatns voru urriðaseiði á fyrsta ári nær einráð. Alls veiddust 193 silungar í 12 tilraunanet sem lágu yfir eina nótt í Heiðarvatni. Um 70% aflans voru urriðar. Stærð flestra urriðanna var frá 20 til 30 cm en bleikjan var mest á bilinu 28 til 38 cm. Um 24 % urriðanna var af sleppiuppruna. Fæða urriðanna var aðallega hornsíli en vatnabobbar voru þýðingarmesta fæða bleikjanna. Rannsóknirnar voru unnar fyrir Rudolf Lamprect og voru unnar í samvinnu við rannsóknardeild Veiðimálastofnunar í Reykjavík.

Veiðiskýrslur og önnur verkefni.

Suðurlandsdeild safnaði neta- og stangveiðiskýrslum úr ám og vötnum á Suðurlandi. Einnig safnaði deildin skýrslum um seiðasleppingar. Stöðugt er unnið að því að bæta skráningu á veiði. Fjöldmargir skrá nú veiði sína vel og skila inn til stofnunarinnar. Skráning laxveiði hér á landi er með því besta sem gerist hjá laxveiðiþjóðum en enn vantar nokkuð á að skráning silungsveiði sé fullnægjandi. Fyrir veiðitíma hvers árs sendir Veiðimálastofnun veiðibækur og eyðublöð til skráningaraðila. Að veiðitíma loknum skal senda skýrslurnar til Veiðimálastofnunar til úrvinnslu. Sendu má ljósrít af veiðiskýrslum. Veiðibækur eru jafnan sendar til veiðiréttarhafa að úrvinnslu lokinni en þær eru heimildir um veiði og mikilvægt að þar séu varðveittar á vísu stað. Margar skýrslur berast því miður seint til stofnunarinnar og er þeim tilmælum vinsamlegast beint til veiðiréttareigenda að þeir skili skýrslum strax að loknum veiðitíma. Mikilvægt er að veiðiskýrslur séu skilmerkilega útfylltar til að auðvelda tölvuskráningu og flýta fyrir úrvinnslu. Skráning veiði er mikilvæg við að fylgjast með þeim breytingum sem á fiskstofnum verða svo hægt sé að nýta þá á sem skynsamlegastan hátt og er veiðiskráning einnig oftlega notuð til að meta verðmæti veiða hvort sem er til útleigu eða til að skipta arði milli veiðiréttareigenda. Mælt er til að allur stangveiddir fiskar séu lengdarmældir og þá ekki síst þeir fiskar sem sleppt er aftur þar sem auðveldara er að bregða á þá máli en vog.

Við deildina voru unnar ýmsar umsagnir sem lúta að veiði og vatnalífriki vegna fyrirhugaðra framkvæmda við ár og vötn.

Rita og erindaskrá.

Skýrslur :

Magnús Jóhannsson og Sigurður Guðjónsson, 2004. Fiskstofnar vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár, seiðabúskapur, veiði, veiðinýting og fiskræktarmöguleikar. Veiðimálastofnun, VMST-S/04001X: 52 bls.

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2004. Gönguhegðun laxa á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár á árunum 2000 – 2002. Veiðimálastofnun, VMST-S/04002: 34 bls.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Guðni Guðbergsson, 2004. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár árið 2003. Veiðimálastofnun, VMST-S/04003: 50 bls.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Ragnhildur Magnúsdóttir, 2004. Fisk- og botndýrarannsóknir ásamt búsvæðamati í Sogi og þverám þess 2003. Veiðimálastofnun, VMST-S/04004: 34 bls.

Magnús Jóhannsson, 2004. Frá starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar árið 2003. Veiðimálastofnun, VMST-S/04005: 8 bls (einnig í ársriti Búnaðarsambands Suðurlands árið 2002).

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2004. Aldursrannsóknir,merkingar og endurheimtur urriða úr Öxará. Veiðimálastofnun, VMST-S/04006: 10 bls.

Benóný Jónsson, Magnús Jóhannsson og Ragnhildur Þ. Magnúsdóttir, 2004. Botndýra- og seiðarannsóknir í vatnakerfi Skaftár og Kúðafljóts sumarið 2003. Veiðimálastofnun VMST-S/04007: 30 bls.

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2004. Rannsóknir á göngu og legustöðum laxa í Ytri-Rangá með útvarpsmerkingum. Veiðimálastofnun VMST-S/04008: 19 bls.

Magnús Jóhannsson, Benóný Jónsson og Ingi Rúnar Jónsson, 2004. Seiðarannsóknir í Öxará, Ölfusvatnsá, Villingavatnsá og Efra-Sogi ásamt urriðarannsóknnum í Þingvallavatni árið 2004. Veiðimálastofnun VMST-S/04009: 20 bls.

Magnús Jóhannsson, Ingi Rúnar Jónsson og Benóný Jónsson, 2004. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Vatnsár og Kerlingardalsár árið 2004. Veiðimálastofnun VMST-S/04010: 29 bls. (Einnig í enskri útgáfu).

Greinar:

Magnús Jóhannsson, 2004. Starfsemi Suðurlandsdeildar Veiðimálastofnunar. Rannsakar lífríki í ám og vötnum. Sunnlenska fréttablaðið 17. mars.

Magnús Jóhannsson, 2004. Sjöbirtingur í Skaftárhreppi, Veiðifréttir, féttabréf SVFR, 18 (2): 7.

Guðni Guðbergsson og Magnús Jóhannsson 2004. Skráning á lax- og silungsveiði. Fréttabréf Búnaðarsambands Suðurlands, 26. árg. 14. tbl.

Erindi:

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 8. febrúar 2004. Fiskrannsóknir og veiði á vatnasvæði Saftár 2003. Aðalfundur Veiðifélags Skaftár.

Magnús Jóhannsson, 27. febrúar 2004. Veiðihlunnindi og fiskeldi í Skaftárhreppi. Fræðslufundur á Kirkjubæjarklaustri um vatnsauðlindina, eignarrétt og vörslu á henni.

Magnús Jóhannsson, 27. mars 2004. Rannsóknir á sjóbirtingi í Skaftárhreppi Ráðstefna á vísindaviku Fræðslunets Suðurlands í Fjölbrautaskóla Suðurlands.

Benóný Jónsson, 26. mars 2004. Útvarpsmerkingar á laxfiskum. Ársfundur Veiðimálastofnunar í Borgarnesi.

Magnús Jóhannsson, 30. mars 2004. Fiskrannsóknir í Veiðivötnum. Fundur Rotaryfélags Selfoss.

Magnús Jóhannsson, 1. apríl 2004. Fiskrannsóknir í Veiðivötnum. Fundur Stangveiðifélags Hafnafjarðar.

Magnús Jóhannsson Benóný Jónsson Guðni Guðbergsson, 25. mars 2004. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár 2003, kynningarfundur hjá Landsvirkjun.

Magnús Jóhannsson, 22. mars 2004. Fiskstofnar vatnasvæðis Ölfusár-Hvítár Kynningarfundur Veiðifélags Árnesinga að Þingborg.

Magnús Jóhannsson, 13. apríl 2004. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Ölfusár-Hvítár árið 2003. Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga að Hótel Selfossi.

Benóný Jónsson, 13. apríl 2004. Útvarpsmerkingar í Ölfusá á árunum 2001 - 2002. Aðalfundur Veiðifélags Árnesinga að Hótel Selfossi.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 16. apríl 2004. Fiskrannsóknir á Veiðivötnum árið 2003. Aðalfundur Veiðifélaga Landmannaafreittar að Laugalandi.

Magnús Jóhannsson, 20. apríl 2004. Fiskrannsóknir og veiði í Stóru-Laxá. Aðalfundur Stóru-Laxárdeildar Veiðifélags Árnesinga að Flúðum.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 24. apríl 2004. Veiði í Apavatni 2003. Aðalfundur Veiðifélags Apavatns að Laugarvatni.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 23. september 2004. Fiskrannsóknir á vatnasvæði Þjórsár 2004 staða verkefnisins í september.

Magnús Jóhannsson, 11. október 2004. Lífríkisrannsóknir í Þingvallavatni Sogi og Úlffljótsvatni. Kynningarfundur starfsmanna Landsvirkjunar í Ljósafofsstöð.

Magnús Jóhannsson, 15. nóvember 2004. Sleppingar gönguseiða og veiði í Rangánum. Stjórnar- og aðalfundur Samtaka veiðifélaga á Suðurlandi að Árhúsum Hellu.

Veggspjöld:

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2004. Rannsóknir á urriða í Þingvallavatni. Ársfundur Veiðimálastofnunar að Hvanneyri 26. mars og ráðstefna á vísindaviku, í Fsu 27. mars 2004.

Magnús Jóhannsson og Benóný Jónsson, 2004. Fiskrannsóknir í Veiðivötnum. Ársfundur Veiðimálastofnunar að Hvanneyri 26. mars og ráðstefna á vísindaviku, í Fsu 27. mars 2004.

Benóný Jónsson og Magnús Jóhannsson, 2004. Útvarpsmerkingar á laxfiskum. Ársfundur Veiðimálastofnunar að Hvanneyri 26. mars og ráðstefna á vísindaviku, í Fsu 27. mars 2004.

Umsagnir:

Magnús Jóhannsson, 2004. Umsögn um ræsi í stað brúar yfir Jónskvísl í Landbroti. 2 bls.

Benóný Jónsson, 2004. Umsögn Veiðimálastofnunar um brúargerð yfir Brúará í Árnessýslu.

Magnús Jóhannsson, 2004. Umsögn um malartekju úr Kálfá fyrir landi Austurhlíðar. 1 bls.